

## 1032. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. október 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Bjarki Steingrímsson, Ágúst Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þór Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefanía Magnúsdóttir, Steinar J. Kristjánsson, og Árni Leósson sem ritar fundargerð. Gestir fundarins voru Haukur Ingi Jónasson ráðgjafi og Viktor Elvar Viktorsson sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs VR.

Dagskrá:

- 1. Fundarsetning**  
Kristinn Örn setti fundinn kl. 18:15
- 2. Skýrsla upplýsingatæknisviðs**  
Viktor Elvar Viktorsson, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs VR kynnti starfsemi og starfsmenn sviðsins.
- 3. Samþykkt fundargerða (1031)**
- 4. Nýir trúnaðarmenn og endurnýjun**
- 5. Stefnumótun**  
Kristinn Örn ræddi um að kynning hafi farið fram um stefnumótun í síðustu viku og lagði fram skjalið „*Verkefnisstjórnun við stefnumótun fyrir VR*“ dags. september 2009 frá ParX.  
Umráður. Tillaga um að vinna verkið með ParX. Samþykkt.
- 6. Starfsmannamál**  
Stefanía Magnúsdóttir var ráðin í tíð þáverandi stjórnar á undanþágu frá þeirri reglu að stjórnarmenn, að formanni undanskyldum, væru ekki líka starfsmenn félagsins. Rökstuðningurinn þá hafi verið að hún átti orðið óhægt um vik í vinnu vegna mikillar fundarsetu á vegum VR og ASÍ sem fram fór á dagvinnutíma. Stefanía hyggst ekki bjóða sig fram að nýju í stjórn VR við næsta kjör. Formleg starfslok hennar verða við stjórnarskipti 2010
- 7. Endurskoðun kjarasamninga og staða stöðugleikasáttmála**  
Kristinn Örn lagði fram skjalið „*Minnisblað vegna stöðugleikasáttmálans – 9. október 2009*“ .
- 8. Ársfundur ASÍ**  
Kristinn Örn lagði fram skjalið „*Efni: Ársfundur ASÍ 22. og 23. október 2009 – frekari gögn*“ dags. 09.10 2009.

Bjarki lagði fram skjalið „*Yfirlýsing undirritaðra stjórnarmanna VR um fullan og einróma stuðning við tillögu VLFA um breytingu á samningi um lífeyrismál*“

við vinnuveitendasamband Íslands nú SA. dagsettum 12. desember 1995.“  
dags. 14.10 2009.

Umræður

Kristinn Örn bar upp tillögu að stjórn og fulltrúar VR gangi óbundin til  
árspings ASÍ í þessu máli sem og öðrum. Samþykkt.

**9. Varasjóður og sjúkrasjóður**

Kristinn Örn lagði fram tvö minnisblöð; „Minnisblað – Varasjóður VR félaga,  
yfirlitsmynd – samantekt fyrir stjórnarfund 14.10 2009“ og „Minnisblað –  
sjúkrasjóður – Greining – lagt fyrir stjórn VR 14.10 2009“.

**10. Framkvæmd eftirlitsskyldu stjórnarmanna með fjármálum félagsins**

Umræður. Afgreiðslu frestað.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21:45.